



Fundur háskólaráðs 10. desember 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 05.12.2003
Dags: 10.12.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

20/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, miðvikudaginn 10. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 14.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hjalti Hugason, Þorsteinn Loftsson, María Guðmundsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Þórður Harðarson, Inga Jóna Þórðardóttir, Stefán Svavarson og Davíð Gunnarsson.

1. Til fróðleiks

1.1 Lagt fram Fréttabréf Háskóla Íslands.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Tillaga um bygginganefnd Náttúrufræðahúss.

Starfi hinnar ráðgefandi nefndar við byggingu hússins er nú lokið þar sem öll útboð og innkaup hafa farið fram og starfsmenn eru byrjaðir að flytja í húsið.

- Samþykkt einróma að leggja nefndina niður og eru henni þökkueð störf í þágu Háskóla Íslands og byggingamála hans.

3. Mál á dagskrá

3.1 Forval vegna Háskólatorgs, sbr. síðasta fund.

Rektor greindi frá því að málið hefði verið kynnt fyrir deildarforsetum sem hefðu lýst sig mjög ánægða með framvindu þess.

Tillaga bygginganefndar Háskólatorgs um að óskað verði eftir heimild samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir til þess að hefja forval og alverksútboð fyrir 8000 fermetra Háskólatorg á lóðunum milli Aðalbyggingar og Íþróttahúss annarsvegar og hinsvegar á bílastæði milli Odda, Árnagarðs, Nýja Garðs og Lögbergs.

- Samþykkt einróma.

Þá bar rektor upp þá tillögu að málið verði tekið upp við menntamálaráðuneytið og óskað eftir liðsinni þess.

- Samþykkt einróma.

3.2 Fjármál Háskóla Íslands, framhald umræðu, sbr. síðasta fund.

a) Forsendur við skiptingu fjárveitingar ársins 2004.

b) Drög að nýjum kennslusamningi og nýjum rannsóknasamningi.

Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, gerði vandlega grein fyrir framlögðum tillögum nefndarinnar vegna uppgjors, ásamt fylgigögnum fyrir árið

2003 og skiptingar fjárveitingar ársins 2004, dags. 10. desember 2003.

Tillögur fjármálanefndar eru þessar:

- a) Við uppgjör fyrir árið 2003:
- Gert er ráð fyrir að gert verði upp við Háskóla Íslands fyrir 4950 virka nemendur. Í uppgjöri fær Háskólinn 226 m.kr., en vegna þess að í upphafi árs var deilt út 87 m.kr. umfram fjárveitingu og skrásetningargjöld hafa hækkað umfram áætlun verði við uppgjör deilt út 160 m.kr.
 - Gerðar verði nokkrar breytingar á deililíkani, eins og lýst er nánar á minnisblaði fjármálanefndar.
- b) Við skiptingu fjárveitingar fyrir árið 2004:
- Miðað verði við 5200 virka nemendur og því fari ekki fram uppgjör í lok ársins 2004.
 - Aðeins ein breyting verði gerð á deililíkani: Kynjafræði, sem staðsett er í félagsvísindadeild, fái b-kassa.
 - Rektor, háskólaráð og nefndir, Akademísk stjórnýsla, Rekstur- og framkvæmdir, Rekstur fasteigna og Reiknistofnun fái sömu fjárveitingu og á árinu 2003.
 - Fjárveiting kynningadeildar verði hækkuð um 5 m.kr. vegna sérstakra verkefna á sviði kynningar- og markaðsmála.
 - 750 m.kr. verði veitt til rannsókna í deildum í stað 789 m.kr. á árinu 2003 og að rannsóknalíkan verði eins og á árinu 2003 en nauðsynlegt er að skera það niður um 18%.
 - Þeir liðir sem fjármagnaðir eru alfarið af rannsóknafjárveitingu fái 7,8% lægri fjárveitingu en á árinu 2003.
 - Ítrekuð er tillaga um að Upplýsingaþjónusta Háskólans verði lögð niður.
 - Ítrekuð er tillaga um að staða Rannsóknastofnunar í kvenna- og kynjafræðum, Sjávarútvegsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Siðfræði-stofnunar og Rannsóknastofu um mannlegt atferli verði könnuð sérstaklega með það í huga að þær verði í framtíðinni innan deilda.
 - 10 m.kr. eru fluttar frá læknadeild til hjúkrunarfræðideildar og raunvísindadeildar vegna tveggja kennarastarfa í lífeðlisfræði.
 - Í rannsóknafjárveitingu raunvísindadeildar eru 5 m.kr. vegna rannsókna á mjólk og mjólkurafurðum.
 - Í fjárveitingu heimspekideildar eru 2,5 m.kr. vegna lektors í sagnfræði.
 - Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu flestra rekstrareininga Háskólans verði á árinu 2004 gætt mikils aðhalds í starfsmannámálum. Allar óskir um nýráðningar og hækkun starfshlutfalls verði lagðar fyrir fjármálanefnd háskólaráðs.

Tillögur fjármálanefndar voru ræddar ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Stefnt er að því að ganga á næsta fundi frá uppgjöri fyrir árið 2003 og skiptingu fjárveitingar ársins 2004. Fyrir fundinum lá einnig minnisblað akademískrar stjórnýslu um aðhalds aðgerðir í ljósi fjárlaga 2004. Ákveðið var að fulltrúar deilda í háskólaráði ásamt framkvæmdastjóra akademískrar stjórnýslu fari yfir minnisblaðið og endurskoði það fyrir næsta fund ráðsins.

Fleira var ekki gert

Fundi slitið kl. 16.10